



Reykjavíkurborg  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 30. ágúst 2016  
Tilv.: IRR15040106/17.19.0

### Efni: Um framtíð Reykjavíkurflugvallar

Framtíð Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni hefur verið til umræðu um langt árabil. Flugvöllurinn gegnir mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi allra landsmanna og brýnt að víðtæk sátt ríki um staðsetningu hans. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld og borgaryfirvöld ritað undir yfirlýsingar þar sem fram koma áform um lokun NA/SV brautar flugvallarins, endurbætur á aðstöðu á vellinum og úttektir sem leggja áttu grunn að ákvörðunum um framtíð hans. Hér má nefna samkomulag frá 11. febrúar 2005, samkomulag frá 8. apríl 2009, samkomulag frá 19. apríl 2013 og frá 25. október 2013. Með dómi Hæstaréttar 9. júní sl., í máli nr. 268/2016, var íslenska ríkinu gert skylt að loka NA/SV flugbrautinni að viðlöögum dagsektum. Í framhaldinu var Isavia falið að loka flugbrautinni. Með bréfi, dags. 8. júlí, var Reykjavíkurborg svo tilkynnt um lokun flugbrautarinnar. Rétt er að áréttu að með þessu hefur í engu verið tekin afstaða til framtíðar Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni.

Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2001-2024 og 2010-2030 hefur verið gert ráð fyrir því að flugvöllurinn fari. Skipulagið hefur þó alla tíð verið bundið fyrirvara af lögbærum stjórnvöldum. Þannig segir í fyrirvara Skipulagsstofnunar við gildandi aðalskipulag 2010-2030:

*Uppbygging í Vatnsmýri og tímasetning hennar er háð frekara samkomulagi við samgöngufirvöld ríkisins um flutning flugstarfsemi af svæðinu.*

Þá segir í athugasemendum við kafla 3.5, um sjálfbærar samgöngur, í þingsályktunartillögu um landsskipagsstefnu sem samþykkt var á Alþingi í mars 2016:

*Innanlandsflug gegnir mikilvægu hlutverki í samgöngum milli landshluta. Stýrihópur um sameiginlega athugun ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group á flugvallarkostum á höfuðborgarsvæðinu var settur á laggirnar 23. október 2013 og skilaði hann skýrslu um athugunina í júní 2015. Niðurstaða stýrihópsins var sú að Hvassahraun sem flugvallarkostur hefði mesta þróunarmöguleika til framtíðar, borið saman við aðra flugvallarkosti sem skoðaðir voru, þó að ýmis atriði þyrfi að skoða nánar. Lagði starfshópurinn því til að flugvallarskilyrði í Hvassahrauni yrðu fullkönmuð. Þar til samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar liggar fyrir um annað miðast landsskipagsstefna við núverandi staðsetningu Reykjavíkurflugvallar.*

Í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar sem lagt var til að þingsályktunartillagan yrði samþykkt segir einnig:

*Nefndin áréttar mikilvægi þess að samgöngur milli þéttbýliskjarna verði greiðar og hagkvæmar fyrir almenning. Ljóst er að innanlandsflug skiptir þar meginmáli í tengingu höfuðborgarsvæðisins við stærstu byggðakjarna á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Reykjavíkurflugvöllur í Vatnsmýri geginir í þessu sambandi lykilhlutverki og ástæða til að hnykkja á því að í samgönguáætlum eru skilgreindir alþjóðaflugvellir í grunnneti og eru það Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur. Eins og áður hefur verið fjallað um eru í landsskipulagsstefnu samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkumýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Innanlandsflug geginir mikilvægu hlutverki varðandi samgöngur og byggðamál og miðstöð innanlandsflugs er á Reykjavíkurflugvelli í Vatnsmýri. Þar sem í samgönguáætlun eru sett fram markmið stjórnvalda í samgöngumálum þarf landsskipulagsstefna að taka mið af henni.*

Í samræmi við áður nefndar yfirlýsingar, frá 11. febrúar 2005 og 25. október 2013, hafa verið unnar greiningar á nokkrum flugvallarkostum, sbr. einkum úttekt á framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar frá 2007 og skýrslu stýrihóps ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group um flugvallarkosti á höfuðborgarsvæðinu frá 2015. Af þessum úttektum verður hvorki dregin afgerandi niðurstaða um að rétt sé að færa Reykjavíkurflugvöll úr Vatnsmýrinni, né hvaða annar kostur kæmi til greina. Það má því ljóst vera að óraunhæft er að ætla að sú stefna sem fram kemur í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 að annarri meginflugbraut Reykjavíkurflugvallar, N/S brautinni, verði lokað 2022, nái fram að ganga.

Í bréfi Reykjavíkurborgar, dags. 7. júlí 2015, lýsti Reykjavíkurborg sig tilbúna til viðræðna við ráðuneytið á grundvelli gagna og tillagna stýrihópsins frá 2015. Eins og fram kemur í bréfi innanríkisráðherra til Reykjavíkurborgar, dags. 3. nóvember 2015, telur ráðherra mikilvægt að ræða framtíð Reykjavíkurflugvallar við Reykjavíkurborg. Þar er einnig lýst því sjónarmiði að viðræður um framtíð Reykjavíkurflugvallar geti ekki einskorðast við þá valkosti sem úttekt stýrihópsins náði til, enda tók hún ekki mið af óbreyttum flugvelli í Vatnsmýrinni.

Innanríkisráðherra áréttar að afar mikilvægt sé að ríki og Reykjavíkurborg vinni saman að því að ná viðtækri sátt um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Í því sambandi verður að leggja áherslu á að tryggja að þeim fjölpættu og mikilvægu almannahagsmunum sem tengjast innanlandsflugi verði ekki stefnt í hættu og að tekið verði mið af þeim lögbundnu markmiðum sem innanríkisráðherra er gert að framfylgja, m.a. við undirbúning samgönguáætlunar. Í því felst að ganga verður út frá því að Reykjavíkurflugvöllur verði í Vatnsmýrinni um lengri tíma en til 2022. Staðsetning flugvallarins verði óbreytt svo lengi sem ekki liggur fyrir skýrt samkomulag við yfirvöld samgöngumála um annað sem samræmist vilja Alþingis.

Með hliðsjón af framansögðu er hér með lagt til að ríki og Reykjavíkurborg hefji hið fyrsta formlegar viðræður um framtíð Reykjavíkurflugvallar þar sem byggt er á framangreindum forsendum. Jafnframt þarf að kalla eftir sjónarmiðum annarra sveitarstjórnar og hagsmunaaðila.

